

Áhættumat fyrir starfsemi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu samkvæmt reglugerð 920/2006

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er til húsa í Nýheimum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Húsið var tekið í notkun í ágúst 2002 og gera má ráð fyrir að það fullnægi öllum opinberum kröfum um húsnæði. Í umfjöllun hér á eftir verður húsnæði skólans skipti niður í eftirfarandi svæði og fjallað um hvert þeirra sérstaklega.

Raungreinastofa, almennar kennslustofur, vinnusvæði nemenda, snyrting, tækniherbergi, ræstiherbergi, gangar, setustofa nemenda, fundaherbergi, vinnusvæði starfsmanna, kennarastofa, ljósritunarherbergi, veitingasala, opið rými á neðri hæð og fyrirlestrasalur.

Raungreinastofa: Í raungreinastofu er auk þess sem er í almennum stofum efni sem notuð eru í tilraunum í efnafræði, auk ýmsra tækja og tóla til verklegrar kennslu. Efnin eru geymd í læstum hirslum sem viðkomandi kennarar hafa einir aðgang að. Tæki og tól sem hugsanlega geta verið varhugaverð í notkun eru einnig í læstum hirslum og stofan er alltaf læst nema þegar er verið að nota hana. Sloppar, augnskol og öryggisgleraugu eru til staðar í stofunni. Í stofunni er fullbúinn sjúkrakrassi. Kennarar sem kenna efnafræði og aðrar raungreinar sem nýta sér aðstöðu í stofunni eru upplýstir um það sem er til staðar hvað varðar öryggi og regur um umgengni. Samdar verða reglur um umgengni í stofunni og þær gerðar aðgengilegar fyrir þá sem sjá um framkvæmd þeirra.

Almennar stofur: Í almennum stofum eru borð, stólar, sjávarpar, myndfundbúnaður og töflur. Hættan á slysum og óhöppum í þessum stofum er talin í lágmarki.

Vinnusvæði nemenda: Á vinnusvæði nemenda eru borð, stólar, geymsluskápar, bókahillur, prentari og tölvur. Hættan á slysum og óhöppum á vinnusvæði nemenda er talin í lágmarki.

Snyrting: Á efri hæð eru fjögur salerni með vöskum og salernum. Hættan á slysum og óhöppum á salernum er talin í lágmarki.

Tækniherbergi: Í tækniherbergi eru tæki fyrir tölvukerfi skólans. Herbergið er læst og einungis þeir sem eiga erindi þangað hafa lykil. Hættan á slysum og óhöppum í tækniherbergi er talin í lágmarki.

Ræstiherbergi: Eitt ræstiherbergi er á efri hæð. Í því er vaskur, hillur og ræstivagn. Hættan á slysum og óhöppum í ræstiherbergi er talin í lágmarki.

Gangar: Á göngum eru munaskápar nemenda og bekkir við skrifstofur. Hættan á slysum og óhöppum á göngum er talin í lágmarki.

Setustofa nemenda: Á setustofu nemenda eru sófar, sófaborð og blómapottar. Hættan á slysum og óhöppum á setustofu nemenda er talin í lágmarki.

Fundaherbergi: Í fundaherbergi eru borð, stólar og tafla. Hættan á slysum og óhöppum í fundaherbergi er talin í lágmarki.

Vinnusvæði starfsmanna. Á vinnusvæði starfsmanna eru skrifborð, fundaborð, stólar, hillur tölvur og prentarar. Hættan á slysum og óhöppum á vinnusvæði starfsmanna er talin í lágmarki.

Kennarastofa: Á setustofu kennara eru, sófar, sófaborð, borstofuborð, borðstofustólar, skápar, vaskur, uppþvottavél, örbylgjuofn, kaffivél, brauðrist, vatnsvél, ketill, diskar, glös, bollar, eldhúshnífar og hnífapör. Helst er hætta á því að menn skeri sig á eldhúshnífum. Brynt er fyrir starfsmönnum að fara varlega og til staðar er fullbúinn sjúkrakassi.

Ljósritunarherbergi: Í ljósritunarherbergi eru borð, stólar, hillur, ljósritunarvél, faxtæki, skanni, tölva, prentari og pappírstætari. Helst er talin stafa hætta af notkun pappírstætara. Sett verða upp aðvörunarorð varðandi notkun pappírstætara.

Veitingasala: Í veitingasölu eru hillur borð, stóll, vaskar, kæligeymslur, geymsla, afgreiðslukassi, eldavél, örbylgjuofn, bakaraofn, samlokugrill, diskar, glös, bollar, hnífapör, eldhúshífar og eldhúsverkfæri. Veitingasalan er undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands hvað varðar hreinlæti. Áhættan í veitingasölu er helst sú að starfsmaður gæti brennt sig á eldavél, bakaraofni og samlokugrilli eða skorið sig við niðursneiðingu matvæla. Varðandi tól og tæki í veitingasölu þá er starfsmanni uppálagt að gæta fyllsta öryggis. Til staðar er fullbúinn sjúkrakassi. Öryggismál hafa verið rædd við starfsmann og hann hefur endurnýjað sjúkrakassa.


Opið rými: Í opnu rými við veitingasölu og fyrirlestrasal á neðri hæð eru borð, stólar, sófar, sófaborð, kaffivél og flygill. Hættan á slysum og óhöppum í opnu rými er talin í lágmarki.


Fyrirlestrasalur: Í fyrirlestrasal er hallandi gólf með borðum og sætum og upphækkað svið. Tröppur eru niður með stólaröðum beggja vegna niður að sviði. Upp á sviði eru borð, stólar, púlt og skápur með hljóðkerfi, spilurum og slíku. Í lofti er skjávarpi. Helst er talin hætta á að menn detti í tröppum en ekki talin þörf á sérstökum ráðstöfunum þess vegna.

Samantekt

Almennt er skólinn tiltölulega öruggur og heilsusamlegur vinnustaður og öryggismál í góðu horfi. Helst þarf að horfa til raungreinastofu, veitingasölu og ljósritunarherbergis. Unnið er að úrbótum í raungreinastofu og varðandi pappírstætara. Auk þess verður áhættumat fyrir starfsmönnum og nemendum á næsta reglulega kennarafundi. Í framtíðinni verður farið yfir áhættumatið á árlegum starfsmannafundi og það endurskoðað í framhaldinu og breytingar kynntar.

22. 2. 2009


Eyjólfur Guðmundsson skólameistari


Hlíf Gylfadóttir öryggistrúnaðarmaður